

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

407. fundur

Föstudaginn 9. maí 2025 var haldin fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Dagskrá:

1. Almenningsamgöngur ohf.
2. Árshlutauppgjör janúar til mars 2025.
3. Forgangsröðun aðgerða – ákvörðun..
4. Útboð á hleðsluinnviðum.
5. Ársfundur Strætó 2025.

Mætt voru:

Kristín María Thoroddsen (KMT), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundagerð.

Tekið fyrir:

1. Almenningsamgöngur ohf.

Kynning fór fram á stöðunni og þeim verkefnum sem eru framundan. Lagt til að formlegur vinnuhópur verði stofnaður um verkefnin sem framundan eru, sbr. stjórnarfundir þann 1. febrúar 2025.

Vilhjálmur Alvar og Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, verkefnastjórar frá Expectus, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Árshlutauppgjör janúar til mars 2025

Árshlutauppgjör fyrir janúar til mars 2025 lagt fram til samþykktar. Helstu frávík frá áætlun eru í fargjaldatekjum og öðrum rekstrarkostnaði, sérstaklega öryggisgæslu.

Stjórn vill bóka að óásættanlegt sé að Strætó þurfi að halda upp öryggisgæslu á einni helstu stoppustöð Strætó til að tryggja öryggi starfsmanna og farþega og skorar á félagsmála- og löggæsluyfirvöld að grípa til viðeigandi ráðstafana strax.

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Stjórn samþykkir árshlutauppgjör.

3. Forgangsaðgerðir

Lögð fram greining Eflu á töfum farþega í leiðarkerfinu og hvar brýnast er að grípa til aðgerða.

Ragnheiður Einarsdóttir, deildastjóri leiðakerfis tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Útboð á hleðsluinnviðum

Lagt fram minnisblað um útboð á hleðsluinnviðum ásamt drögum að útboðsgögnum fyrir hleðsluinnviði.

Framkvæmdastjóra falið að bjóða út hleðsluinnviði í samræmi við minnisblað.

5. Ársfundir Strætó

Ákveðið að hafa ársfund Strætó fyrir árið 2024 í Tjarnarsal Ráðhús Reykjavíkur þann 4. júní frá kl. 14:00.

Fundi slitið 9:40

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín María Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson